REGLUGERÐ

um ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra.

1. gr.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á dvalarheimilum aldraðra og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga hækkar þannig að mánaðarupphæð sú, sem í gildi er í marsmánuði 1984, hækkar og verður 1 989,00 kr. á mánuði.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum fyrir aldraða og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga hækkar þannig að mánaðarupphæð sú, sem í gildi er í marsmánuði 1984, verður kr. 1 750,00.

2. gr.

Fjárhæðir skv. 1. gr. reglugerðar þessarar breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga, sbr. 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 26. gr. laga um málefni aldraðra nr. 91/1982, sbr. ákvæði 2. til bráðabirgða sömu laga, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 286/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 152 6. mars 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 7.5.2. orðist svo:

Við útreikning á kólnunartölum húsa og húshluta skal höfð hliðsjón af IST 66, þó með þeim breytingum, að í stað ákvæða um hæstu leyfilegu kólnunartölur sbr. kafla 2.2 í staðlinum, skulu eftirfarandi ákvæði gilda sem hæstu leyfilegu kólnunartölur fyrir íbúðarhús og hús þar sem svipaðar kröfur eru gerðar til raka og hitastigs:

Hámarksgildi kólnunartalna byggingarhluta:

	k-gildi W/m² °C
1. Útveggir	0,40
2. Þak	0,20
3. Gólf á fyllingu	0,30
Gólf að óupphituðu rými	0,30
Gólf að útilofti	0,20
4. Gluggar, karmar + gler, vegið meðaltal	2,50

2. gr.

Liður 7.5.3. orðist svo:

Við ákvörðun einangrunarþykktar skal miða við kólnunartölur útveggja, að gluggum og hurðum meðtöldum sé hæst:

Veggir, vegið meðaltal ..... 0.8 W/m² °C

Fjölbýlishús, 2 hæðir eða meira, eru undanþegin ákvæði þessarar greinar.

3. gr.

Liður 7.5.4. orðist svo:

Út frá hámarksgildum í greinum 7.5.2 og 7.5.3. ásamt flatarstærðum húss skal reikna leiðnitap hússins úti og inni (W/1C). Við ákvörðun einangrunarþykktar byggingarhluta skulu hámarksákvæði fyrir k-gildi samkvæmt gr. 7..5.2. ávallt vera uppfyllt. Heimilt er að víkja frá gr. 7.5.3. svo framarlega sem reiknað heildarorkutap hússins (W/°C), að tapi um kaldabrýr meðtöldu, aukist ekki við það.

4. gr.

Liður 7.5.5. orðist svo:

Við útreikninga á nauðsynlegum einangrunarþykktum í rað- og fjölbýlishúsum skal reikna húsin sem eina heild, en ekki sem safn sjálfstæðra eininga. Á hönnunarteikningum skulu ávallt tilgreindar kólnunartölur og flatarmál byggingarhluta, svo og leiðnitap (W/°C) fyrir allt húsið.

5. gr.

Liður 7.5.7. orðist svo:

Við hönnun og útfærslu á einangrun húsa skal þess gætt, að raka- og vindvarnir séu fullnægjandi svo raki og loft rýri ekki einangrunargildi.

Um útfærslu á raka- og vindvörnum vísast til Rb blaða nr. (I_2). 001 og (I_3). 001.

Þess skal ennfremur gætt að yfirborðshiti flata verði hvergi svo lágur að leitt geti til skemmda (rakaþéttingar).

6. gr.

Liður 7.5.8. orðist svo:

Til að tryggja þægindi og góða orkunýtingu skal óþéttleiki húsa, sem eru upphituð, vera undir eftirtöldum gildum miðað við 50 Pa þrýstingsmun:

Einbýlishús	3.0 loftskipti/klst.
Önnur íbúaðarhús, 2 hæðir eða lægri	2.0 loftskipti/klst.
Íbúðarhús, meira en 2 hæðir	1.0 loftskipti/klst.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 til þess að öðlast gildi 1. júní 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 6. mars 1984.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.